

Ed.

492. Nefndarálit

[255. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 67/1971, um almannatryggingar, með áorðnum breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Heilbrigðis- og trygginganefndir beggja deilda fjölluðu um þetta frv. sameiginlega til þess að flýta afgreiðslu málsins og voru viðstaddir nefndarmenn beggja nefnda sammála um að stuðla að því að málið fengi greiðan gang í gegnum deildir þingsins.

Frv. þetta er samið í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um að hún beiti sér fyrir úrbótum handa þeim, sem verst eru settir, með ákveðnum hækkunum á bótum almanna-trygginga og tengist samningum þeim sem nýlega voru gerðir milli Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 22. mars 1984.

Davíð Aðalsteinsson,
form.

Salome Þorkelsdóttir,
frsm.

Sveinn Jónsson.

Lárus Jónsson.

Árni Johnsen.

Karl Steinar Guðnason.

Kolbrún Jónsdóttir.